

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 59/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Eggert Grímssyni Laxdal

(Sigurður Helgason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómarmennir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.**

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógeta Kópavogs, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eggert Grímsson Laxdal, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurður Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 20. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. nóvember s.l., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, dags. 5. febrúar 1970 á hendur Eggert Grímssyni Laxdal, Birkihvammi 3 í Kópavogi, fæddum 23. september 1924 í Tungu í Svalbarðsstrandarhreppi,

Suður-Píngeyjarsýslu, fyrir að aka síðdegis miðvikudaginn 31. desember 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 22527 frá Skildingarnesvegi 32 við Skerjafjörð heim til sín að Birkihvamm 3, þar sem ákærði var handtekinn strax að akstri loknum.

Telst þetta varða við 22. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisvæptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 31. desember 1969, um kl. 1740, var Guðjón Ásberg Jónsson lögregluvarðstjóri á bifreið sinni, Y 240, við benzínsluna á Kópavogshálsi. Veitti hann þá athygli gulri Opel stationbifreið og Scout bifreið, sem stöðvað höfðu á Hafnarfjarðarvegi við Skjólbraut. Lögreglumaður nr. 2 var á stöðuvakt þarna skammt frá, ætlaði sýnilega að hafa tal af ökumönnum bifreiðanna, en þær óku áfram, áður en hann náði til þeirra. Scout bifreiðinni var ekið rakleitt að lögreglustöðinni, en Opel bifreiðin ók suður Hafnarfjarðarveg.

Þar sem Guðjóni fannst akstur Opel bifreiðarinnar tortryggilegur, veitti hann henni eftirför suður Lindarhvað og að Birkihvamm 3, þar sem bifreiðinni var ekið inn í heimkeyrsluna. Stöðvaði Guðjón bifreið sína fyrir aftan Opel bifreiðina, sem ber skrásetningarnúmerið R 22527, og fór að ökumannshurð bifreiðarinnar, og sat þá undir stýri maður, sem hann bar kennsl á, ákærði í máli þessu. Bað Guðjón ákærða um skýringu á umferðartöf þeirri, sem hann hefði valdið við Skjólbraut, en hann sagði það sitt mál. Guðjón merkti það á mæli ákærða, að hann hefði neytt áfengis, og bar það á hann, en hann neitaði í fyrstu, en sagði svo, að það væri ekki svo mikið, að það kæmi að sök við akstur. Skoraði þá Guðjón á ákærða að koma með sér á lögreglustöðina, og féllst hann fljótlega á það. Ók Guðjón ákærða síðan á lögreglustöðina, þar sem Jóhann Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri tók við honum og tók af honum öndunarpróf.

Er Guðjón fylgdi bifreiðinni R 22527 eftir að Birkihvamm 3, sá hann, að bifreiðinni var mikið ekið á vinstri vegarkanti og öðru hverju á milli vegarkanta, eins og ökumaður hefði ekki vald á akstri sínum.

Jóhann Kristjánsson tók síðan varðstjóráskýrslu af ákærða. Var þá farið með hann á slysavarðstofuna til blóðtöku. Ákærða var

tekið blóð kl. 1815, og var það merkt nr. 71/1969. Fóru lögreglumenn nr. 2 og 5 síðan með ákærða að Birkihvamm 3 og gerðu þar leit að víni í bifreið hans, R 22527, að beiðni Ásmundar Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, og fundu þeir þar fjórar flöskur af víni, allar frá Áfengisverzlun ríkisins, og voru þær allar óáteknaðar.

Var síðan farið með ákærða til yfirheyrslu hjá Ásmundi Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni. Kveðst ákærði hafa farið um kl. 1400 að Skerjanesi í Skerjafirði til Bjarna Bjarnasonar. Kvaðst ákærði hafa verið að lagfæra hlut hjá Bjarna. Hann kveðst hafa verið hjá Bjarna Bjarnasyni, þar til hann fór beinuðu leið heim og var þá tekinn af Guðjóni Ásberg varðstjóra.

Ákærði kvaðst hafa drukkið eina flösku af Egils pilsner, eftir að hann kom til Bjarna, og einnig eina flösku af Thule bjór. Hann kveðst þá hafa drukkið eina flösku af Carlsberg bjór, rétt áður en hann fór frá Bjarna. Ákærði kveðst hafa drukkið Carlsberg bjórinn í einum teyg. Hann kvaðst síðan hafa farið í bifreið sína og ekið áleiðis heim til sín. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann fór út í bifreiðina. Ákærði kvaðst hafa byrjað að finna til áfengisáhrifa í Fossvoginum. Hann kvaðst hafa ekið viðstöðulaust suður Reykjanesbraut og yfir Kópavogsháls. Hann kvaðst hafa ekið á vinstri vegarkanti eða vinstri akrein suður Reykjanesbraut og þegar hann hafi verið kominn að gatnamótum Digranesvegjar, hafi jeppabifreið komið eftir hægri akrein og beygt fyrir sig til vinstri inn á Digranesveg. Kvað ákærði bifreiðarstjórann hafa stöðvað og talað við sig og sagt, að hann, það er ákærði, væri ekki löglegur, en ákærði kveðst hafa svarað honum og sagt, að það væri hann, sem ekki væri réttu megin. Kvaðst þá ökumaður jeppabifreiðarinnar ætla að kæra ákærða. Ákærði kvaðst hafa sagt honum að fara til lögreglunnar í Kópavogi og kæra sig, en það væri hann, þ. e. ákærði, sem ekki væri ólöglegur. Að þessu samtali loknu kvaðst ákærði síðan hafa ekið suður Reykjanesbraut og inn Hlíðarveg, suður Lindarhvatn og austur Birkihvatn og inn í innkeyrslu við hús sitt að Birkihvatn 3, en þegar hann kom út úr bifreiðinni, hafi lögreglumaðurinn komið og beðið sig að koma með sér á lögreglustöðina.

Ákærði kom fyrir sakadóm Kópavogs 22. janúar 1970. Kvaðst hann þá hafa verið að koma frá Skildinganesi 32 í Skerjafirði miðvikudaginn 31. desember 1969 um kl. 1740 á bifreið sinni, R 22527, er hann var stöðvaður á gatnamótum Hafnarfjarðarvegjar

og Skjólbrautar af ökumanni jeppabifreiðar, sem taldi ákærða í órétti, en hann ók eftir vinstri akrein. Ákærði kvaðst hafa sagt ökumanninum, að ef honum þætti eitthvað athugavert við akstur hans, þá skyldi hann tala við lögregluna. Hann kvaðst síðan hafa ekið inn Hlíðarveg og niður Lindarhvammm og heim til sín að Birkihvammi 3, þar sem lögreglumaður kom mjög skömmu síðar að ákærða. Ákærði kvaðst hafa drukkið eitt glas af bjór, skömmu áður en hann ók af stað heim frá Skildingarnesi 32. Hann kvaðst hafa talið, að hann væri að drekka sterkan bjór, en húsráðandinn í Skildinganesi 32 hafi látið hann hafa drykk í glas. Ákærði kvaðst hafa fyrst fundið til áhrifa í Fossvoginum á leiðinni heim, sem hann hafi fundið í þyngslum yfir höfði. Hann kveðst ekki hafa neytt áfengis á leiðinni né eftir að akstri lauk í greint sinn.

Þann 25. febrúar 1970 kom fyrir sakadóm Kópavogs sem vitni Guðjón Ásberg Jónsson lögregluvarðstjóri.

Hann kvaðst hafa verið við bezínsöluna á Kópavogshálsi miðvikudaginn 31. desember 1969 um kl. 1740, er hann veitti athygli tveimur bifreiðum, sem staðnæmzt höfðu á gatnamótum Skjólbrautar og Hafnarfjarðarvegur. Hann kvaðst hafa séð, að lögreglumaður nr. 2, Pétur Sveinsson, sem var á varðstöðu við Hafnarfjarðarveginn, gekk í áttina að bifreiðunum. Vitnið kveðst þá hafa ekið frá benzínstöðinni í áttina að bifreiðunum og verið komið að lögreglumanninum, er bifreiðarnar óku af stað. Kvaðst vitnið þá hafa spurt lögreglumann nr. 2 um það, hvað hefði verið um að vera, en hann sagt, að hann vissi það ekki. Önnur bifreiðin fór suður Hafnarfjarðarveginn, en hin austur Digranesveginn að lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst hafa tekið ákvörðun um að fylgja þeirri bifreið eftir, sem fór suður Hafnarfjarðarveg, er það sá, að hin bifreiðin, sem var rauður Scout jeppi, ók að lögreglustöðinni, þar sem vitninu hafi þá dottið í hug, að ökumaður þeirrar bifreiðar ætlaði að kæra ökumann hinnar bifreiðarinnar, sem var ljós Opel bifreið. Vitnið kveðst síðan hafa fylgt bifreiðinni eftir um Hlíðarveg og Lindarhvammm og að húsi nr. 3 við Birkihvammm. Vitnið kvað akstur bifreiðarinnar hafa verið nokkuð einkennilegan, þar sem bifreiðin rásaði nokkuð á veginum. Var bifreiðinni ekið inn í innkeyrslu við húsið nr. 3 við Birkihvammm, og þar kvaðst vitnið hafa haft tal af ökumanni bifreiðarinnar, sem það hefði þekkt sem ákærða. Vitnið kvaðst fljótt hafa séð, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og hafi það borið það á ákærða, að hann hefði neytt áfengis, og ákærði

ekki þrætt fyrir það, en talið það magn, sem hann hefði drukkið, ekki koma að sök. Vitnið kvaðst síðan hafa ekið ákærða á lög-reglustöðina.

Þann 30. september s.l. kom fyrir sakadóm Kópavogs sem vitni í máli þessu Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, Skildinganesi 32 í Skerjafirði.

Vitnið taldi það vel geta verið, að það hefði gefið ákærða 1 glas af sterkum bjór í greint sinn, en þó kvaðst það ekki muna sérstaklega eftir því, hvað það gaf ákærða að drekka.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að áfengisneyzlan, það er 1 glas af sterkum bjór, geti ekki samrýmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar í málinu, en hún sýndi 1.63% af alkóhóli í blóði ákærða í greint sinn. Er því haldið fram, að hér hljóti að hafa orðið mistök við rannsóknina og blóðsýnishorn ákærða brenglazt við blóðsýnishorn frá öðrum aðilja.

Þá er því haldið fram af hálfu ákærða, að ekki hafi réttur aðili staðið að handtöku hans og sá, sem hana framkvæmdi, hafi látið stjórnast af óvild til ákærða vegna fyrri afskipta, og þá er það gefið í skyn, að kunningsskapur á milli ökumanns þess, er stöðvaði akstur ákærða við gatnamót Hafnarfjarðarveggar og Skjólbrautar, og viðkomandi lögreglumanns hafi hér nokkru ráðið.

Samkvæmt öndunarprófi, er Jóhann Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri tók af ákærða, sýndi það 4 stig.

Samkvæmt varðstjóraskýrslu var útlit og önnur einkenni ákærða sem hér segir: Áfengisþefur var talsverður af andardrætti. Andlit var þrútið. Fatnaður var snyrtilegur. Framkoma var kurteis. Augu voru dauf. Jafnvægi var óstöðugt. Málfar var skýrt, og framburður var greinargóður. Í athugasemd varðstjóra segir: „Árangurslaust var að spyrja Eggert frekar“.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar fundust í blóði ákærða reducerandi efni, er samsvara 1.63% af alkóhóli.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, R 22527, í greint sinn frá Skildinganesi 32 í Skerjafirði og heim til sín að Birkihvammi 3 í Kópavogi.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa drukkið 1 glas af sterkum bjór, áður en hann hóf aksturinn.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi 1.63% af alkóhóli, eins og áður greinir, en blóðsýni var tekið úr ákærða kl. 1815, eða um 25—35 mínútum eftir að greindur akstur átti sér stað.

Ekkert annað en ummæli ákærða sjálfs um áfengisneyzlu gera niðurstöðu alkóhólrannsóknar torkennilega. Verður því að byggja

á því, að niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar sé rétt, þar sem ekki hafa komið í ljós mistök í sambandi við töku og rannsókn á blóðsýni úr ákærða.

Varðandi það, að ekki hafi réttur aðili staðið að handtöku ákærða, þar sem óeinkennisklæddur lögreglumaður stóð að henni, skal þess getið, að viðkomandi lögreglumaður skoraði á ákærða að koma með sér og fékk því talið hann á það, en þá hafði hann fengið grun um ölvun ákærða, en samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 er einstökum manni heimilt að handtaka mann við vissar þar tilgreindar aðstæður, sem hér verður að telja hafa verið fyrir hendi.

Niðurstaða.

Telja verður sannað með játningu ákærða um akstur og áfengisáhrif og niðurstöðu alkóhólrannsóknar og önnur gögn máls þessa, að hann hafi gerzt sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og er þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1961 14/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 19. gr. umferðarlaga.
- 1962 19/1 í Reykjavík: Áminning fyrir óskoðaða bifreið.
- 1962 23/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1964 30/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1964 19/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1964 28/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1964 27/10 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 5. mgr. 45. gr. og 49. gr. umferðarlaga.
- 1967 18/2 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um stöðumæla.
- 1967 6/6 í Kópavogi: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. og 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 11/1 1968).
- 1968 16/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga.

Hæfilegt þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga, að refsing ákærða verði varðhald í 15 daga.

Ákærði var með dómi þann 6. júní 1967 sviptur ökuréttindum í 1 ár. Verður því nú með hliðsjón af 81. gr. umferðarlaga og

1. mgr. 24. gr. áfengisлага að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Grímsson Laxdal, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 76/1971. **Hagtrygging h/f**
 gegn
Haraldi Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Sáttatilaun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. maí 1971, sem barst Hæstarétti 4. júní 1971, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, og 84. gr. laga nr. 85/1936 var heimilt